

Samkomulag um lokauppgjör á rammasamkomulagi milli sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnesi, 804 Selfoss, annarsvegur og Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 108 Reykjavík, hinsvegar, gera með sér svohljóðandi samkomulag.

Inngangur

Þann 26. júní 2008 gerðu aðilar með sér rammasamkomulag varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar. Viðaukar og samstarfssamningar voru gerðir í samræmi við rammasamkomulagið. Ekki varð af framkvæmdum við virkjanir eins og gert var ráð fyrir í samkomulaginu.

Nú liggur fyrir að Hvammsvirkjun verði að veruleika enda var Hvammsvirkjun sett í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2015, virkjanaleyfi Orkustofnunar var veitt 6. desember 2022 og búið er að samþykkja aðalskipulag og deiliskipulag hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem gert er ráð fyrir virkjuninni.

1. gr.

Samkomulag þetta er gert til að ganga frá fullnaðar uppgjöri á útistandandi þáttum á rammasamkomulaginu frá 26. júní 2008.

2. gr.

Í ljósi þeirrar tímalengdar sem liðin er frá undirritun samkomulagsins hafa samningsaðilar sammælt um að núvirða eftirstandandi kröfur í samræmi við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Vísitala neysliverðs var 300,3 stig í júní 2008 og skal uppreikna þann hluta samkomulagsins sem er ógreiddur miðað við vísitölu neysliverðs í maí 2023, 580,7 stig.

Ágreiningur varð um fjárhagslegt uppgjör á samstarfssamningi um Þjórsárstofu, samkvæmt 2. lið rammasamkomulagsins sem leiddi til þess að 16. mars 2016 var gert samkomulag um lokauppgjör miðað við stöðuna á þeim tíma. Í samkomulagi um lokauppgjör var gerður fyrirvari um uppgjör á útistandandi þáttum í rammasamkomulagi. Landsvirkjun átti að greiða eða kosta framkvæmdir við Þjórsárstofu og húsnæði samtals að upphæð 85.000.000 kr. skv. **2. gr.** rammasamkomulagsins, en á árunum 2009 – 2016 var samtals greitt 61.288.454 kr. af þessum lið. Eftirstöðvar að fjárhæð 23.711.546 kr. eru núvirtar samtals **45.851.797 kr.**

Greiða átti 15.000.000 kr. skv. 7. gr. rammasamkomulagsins, sbr. lið 5 í fylgiskjali með rammasamkomulaginu en á árunum 2009-2016 var samtals búið að greiða 6.000.000 kr. af þessum lið. Eftirstöðvar að fjárhæð 9.000.000 kr. eru núvirtar samtals **17.403.596 kr.**

Greiða átti 5.000.000 kr. skv. 6. gr. rammasamkomulaginu en á árunum 2009-2016 var samtals búið að greiða 2.128.364 kr. Eftirstöðvar að fjárhæð 2.861.636 kr. eru núvirtar samtals **5.533.640 kr.**

Skv. framangreindu er greiðsla lokauppgjörs **samtals 68.789.640 kr.** sem Landsvirkjun greiðir til Skeiða- og Gnúpverjahrepps innan 14 daga frá undirritun samkomulags þessa.

Samkomulag varð milli aðila um framkvæmdir samkvæmt grein 3 og 4 í rammasamkomulaginu, m.a. endurbætur á reiðvegum og nettengingum. Sérstakt samkomulag um uppgjör fyrir þau verkefni var gert 3. júlí 2013 milli aðila.

3. gr.

Í 5. gr. rammasamkomulagsins frá 2008 kemur fram: „Landsvirkjun stefnir að því að reisa starfsmannahúsnæði fyrir eigin starfsmenn eða ráðgjafa sína á skipulögðum lóðum við Árnes. Þá mun fyrirtækið einnig benda verktökum er munu starfa við fyrirhugaðar virkjanir á aðgengilegar lóðir fyrir iðnaðarhúsnæði og aðra aðstöðu þar.”

Forsendan fyrir þessu ákvæði í samninginum var að efla byggð í Árnesi enda voru fyrirhugaðar fyrstu stórvirkjanir í byggð á Íslandi í nágrenni Árnes. Samfélagið hefur breyst og þróast á þeim 15 árum síðan rammamarkmiðunin var gerður og liggur fyrir að Landsvirkjun mun ekki uppfylla þetta ákvæði.

Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að ráðist yrði í undirbúning, byggingu og rekstur allra þriggja virkjana, þ.e. Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, á svipuðum tíma. Eftir að samkomulagið var gert voru sett lög um verndun og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Í kjölfarið var unnið að gerð rammaáætlunar. Í fyrstu voru allar þrjár virkjanir í neðri Þjórsá í biðflokk rammaáætlunar. Það var fyrst árið 2015 sem Hvammsvirkjun var færð í nýtingarflokk rammaáætlunar. Holta- og Urriðafossvirkjun eru enn í biðflokk rammaáætlunar og því óvíst hvort eða hvenær þær færast í nýtingarflokk.

Í umræddu ákvæði er kveðið á um að Landsvirkjun stefni að því að reisa starfsmannahúsnæði fyrir eigin starfsmenn eða ráðgjafa. Sú stefnumörkun tók mið af því að Holta- og Hvammsvirkjun kæmu til framkvæmda á svipuðum tíma og vegna staðsetningar yrði Árnes miðlæg starfsstöð fyrir þær framkvæmdir.

Með vísan til þessa er ljóst að þær forsendur hafa breyst verulega þar sem bæði Holta- og Urriðafossvirkjun eru enn í biðflokk rammaáætlunar. Landsvirkjun útilokar hins vegar ekki að í framtíðinni geti sú staða komið upp á ný að Árnes geti orðið ákjósanlegur staður sem miðlæg starfsstöð vegna framkvæmda og rekstur virkjana á vegum Landsvirkjunar. Komi til þess að í framtíðinni verði Landsvirkjun heimilað að undirbúa og byggja Holta- og/eða Urriðafossvirkjun, mun Landsvirkjun taka til skoðunar að reisa starfsmannahúsnæði fyrir eigin starfsmenn eða ráðgjafa samanber upphaflegt ákvæði í 5.gr. rammamarkmiðunarsins frá 2008.

Sveitarfélagið er að vinna að verkefnum er tengist viðskiptaþróun í sveitarfélaginu. Mikil þekking er hjá Landsvirkjun um þau grunnöggn sem liggja þurfi fyrir og greiningar sem vinna þurfi til að sveitarfélag geti laðið að sér orkutengda atvinnustarfsemi. Landsvirkjun mun miðla af þekkingu sinni og aðstoða við að efla tengsl við Orkediu sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landsvirkjunar.

4. gr.

Við undirritun þessa samkomulags og greiðslu uppgjörs skv. framangreindu er rammamarkmiðunin sem undirritað var 26. júní 2008 af Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahreppi að fullu efnt.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 2. júní 2023.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Landsvirkjunar

Haraldur Þór Jónsson
Sveitarstjóri / Oddviti

Hörður Arnarson
Forstjóri